

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Ísafjarðarkaupstað.

1. gr.

Búfjárhald á Ísafirði er óheimilt, nema að fenginni heimild bæjarstjórnar og eftir ákvæðum þessarar reglugerðar.

Búfjárhald innan afgirts skipul. lands er bannað nema um lögbyli sé að ræða.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um heimild til búfjárhalds samkv. 1. gr. skal senda skriflega umsókn til bæjarráðs. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, geymslu þess og öðru sem máli skiptir um öryggi þess og aðhald. Að fenginni umsögn landbúnaðarnefndar getur bæjarráð lagt til að umbeðið leyfi verði veitt.

3. gr.

Leyfi til búfjárhalds getur bæjarstjórn veitt til lengri eða skemmri tíma. Má veita það ákveðinn tíma eða tilaka frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörðun. Bæjarstjórn ákveður fjölda búfjár til hvers leyfishafa og er engum heimilt að hafa fleira fé en bæjarstjórn veitir heimild fyrir.

Forðagæslumenn skulu gæta þess að reglur um hámarksfjölda séu haldnar.

4. gr.

Búfjáreigendum er skylt að hafa með sér félag og kjósa því forsvarsmenn er komi fram fyrir þeirra hönd gagnvart bæjaryfirvöldum.

Ef maður heldur búfé án heimildar, sem reglugerð þessi nær til, skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og því slátrað. Sama gildir er leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það valdi tjóni eða óþrifum.

Aðvara ber leyfishafa vegna brota hans áður en til aðgerða er gripið.

5. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að greiða skuli í bæjarsjóð gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds og fer upphæð gjaldsins eftir ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni.

6. gr.

Bæjarstjórn skal skylt að láta gera búfjárhelda girðingu umhverfis þéttbýlis- hverfi kaupstaðarins og halda henni við.

Jafnframt að skipuleggja landsvæði utan þeirra marka fyrir búfjárhald. Stefnt skal að því að slíkar girðingar verði fullunnar fyrir 1. júní 1980 og reglur þessar þar með að fullu komnar til framkvæmda.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 50 000. (miðað við bygg- ingarvísitölu 1.10. 1979.) Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Þeir búfjáreigendur sem nú eiga og hafa átt fénað og gripahús innan girts skipulagðs lands kaupstaðarins, skulu sækja um leyfi til bæjarstjórnar um áfram- haldandi búrekstur fyrir 1. febrúar 1980.

Reglugerð þessi sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. janúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins.

1. gr.

Vinnumálaskrifstofan er sérstök deild innan félagsmálaráðuneytisins.

Hlutverk skrifstofunnar er að annast þau mál, sem snerta vinnumarkaðinn og undir ráðuneytið falla lögum samkvæmt, og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

2. gr.

Verkefni sín skal vinnumálaskrifstofan leysa í samráði og samvinnu við samtök launafólks og vinnuveitenda eftir því sem kostur er.

Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna skulu hvert um sig tilnefna einn fulltrúa til þess að vera vinnumálaskrifstofunni til ráðuneytis og aðstoðar um þau verkefni, sem hún hefur með höndum og varða samskipti launafólks og vinnuveitenda.

3. gr.

Vinnumálaskrifstofan skal hafa á hendi yfirumsjón með vinnumiðlun sbr. lög nr. 52/1956 með síðari breytingum, og samræma starfsemi þeirrar vinnumiðlunar sem fram fer á vegum sveitarfélaga í landinu.

4. gr.

Vinnumálaskrifstofan skal afla, og koma á framfæri við hlutaðeigendur, upplýsinga um atvinnutækifæri á landinu öllu og samræma það starf þeirri vinnumiðlun, sem fram fer á vegum sveitarstjórna. Í þessu skyni skal vinnumálaskrifstofan koma upp skrá yfir atvinnutækifæri á landinu öllu og skiptingu þeirra á einstakar atvinnugreinar, eftir því sem við verður komið. Þegar slík skrá hefur verið gerð, skal hún jafnan liggja frammi hjá þeim aðilum, sem vinnumiðlun annast.

5. gr.

Vinnumálaskrifstofan beitir sér fyrir ráðstöfunum sem greiða fyrir miðlun vinnu milli launafólks um land allt, þar á meðal tilfærslu milli atvinnugreina, eftir því sem þörf er á hverju sinni. Í þessu skyni skal vinnumálaskrifstofan hafa frumkvæði að aðgerðum, sem auðvelda flutning milli byggðarlaga, gera þeim, sem atvinnulausir eru, kleift að stunda eftir- eða endurmenntun, eða öðrum þeim ráðstöfunum, sem greiða fyrir búferlaflutningum eða tilfærslu milli atvinnugreina vegna atvinnuleysis eða breyttra atvinnuhátta.